

Reykjavík 20. júlí 2009  
Tilv.: VRN09060076/5.1  
SI-53568

Viðskiptaráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
150 Reykjavík

Með bréfi, dags. 22. júní 2009, óskaði viðskiptaráðuneytið eftir umsögn Seðlabanka Íslands um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um einkahlutafélög (réttindi hluthafa) nr. 138/1994.

Með frumvarpinu er stefnt að innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007, en hún var tekin upp í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 59/2008 frá 25. apríl 2008.

Helsta breyting frumvarpsins er að lágmarksfrestur til boðunar hluthafafunda, í félögum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, er lengdur úr einni í þrjár vikur. Að öðru leyti lýtur efni frumvarpsins m.a. að því að auka réttindi og áhrif hluthafa og skapa jafnræði með hluthöfum, hvort heldur innlendum eða erlendum, varðandi þátttöku í hluthafafundum og atkvæðagreiðslu í umræddum félögum.

Seðlabankinn gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins og styður framgang þess.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Øygard  
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri